



Iðnaðarnefnd Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2008
Tilvísun: 2008040023
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu o.fl.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 17. apríl 2008, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu o.fl., 553. mál, leyfisveitingavald til Orkustofnunar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að að leyfisveitingavald vegna rannsóknar- og nýtingarleyfa skv. lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og leyfi vegna efnistöku af hafsbótmi skv. lögum um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbótmsins færist frá iðnaðarráðuneyti til Orkustofnunar. Þá hefur verið gert ráð fyrir að leyfisveitingar skv. raforkulögum, s.s. virkjanaleyfa færist til Orkustofnunar en til þess er þegar lagaheimild.

Með frumvarpinu fylgir kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis. Þar segir að verði frumvarpið að lögum sé gert ráð fyrir að vegna fjölgunar um eitt stöðugildi aukist útgjöld stofnunarinnar um 7-8 milljónir króna. Orkustofnun hefur bent á að aukin verkefni kalli á 1-2 stöðugildi. Þá bendir stofnunin á að samkvæmt útreikningum hennar er kostnaður vegna hvers stöðugildis u.þ.b. 15 milljónir króna á ári þegar tekið er tillit til húsnæðis- og rekstrarkostnaðar auk launa og launatengdra gjalda.

Virðingarfyllst

Elín Smáradóttir